

Samantekt vinnufundar á málstofu um uppbyggingu og skipulag ferðamannastaða



14. apríl 2011

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður.....	4
Kortlagning auðlinda og aðgengi að ferðamannastöðum.....	5
Greining „andans“, staðarvitund og efniviður umhverfisins.....	6
Hönnun og arkitektúr ferðamannastaða (öryggi, aðgengi og vistvæn hönnun).....	7
Uppbygging ferðamannastaða til framtíðar.....	9
Þolmörk ferðamannastaða.....	10
Skipulagsmál, ferðamannastaðir og þáttur/ábyrgð sveitarfélaga.....	11
Rekstur og nýting umhverfispátta á ferðamannastöðum.....	12
Upplifunarhönnun og nýsköpun í ferðamannaiðnaði, samspil hönnuða og ferðabjónustuaðila – sköpun upplifunar.....	13
„Án áfangastaða“, hvar byrjar og endar skipulag? Náttúra og óbyggðir taka völdin, eða	14
Að auka uppbyggingu en draga úr ágangi á náttúruna.....	15

Stýring vinnufundar: Sævar Kristinsson og Kristján M. Ólafsson

Landslagsmyndir: Ásmundur Þorkelsson, www.flickr.com/asmundur

Aðrar myndir: Elías Bj. Gíslason

Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

**Samantekt niðurstaðna af vinnufundi (heimskaffi) á málþingi Ferðamálastofu
Haldið á Grand Hótel, 14. apríl 2011**

Samantekt vinnufundar sem var hluti af málþingi Ferðamálastofu um uppbyggingu og skipulag ferðamannastaða. Um 80 þátttakendur tóku þátt í vinnufundinum.

Meginverkefni fundarins var að laða fram hugmyndir þátttakenda og var það gert með virkri hópavinnu í anda „World Café“. Bæði var horft til þess sem þarf að gera til að koma umræðubættinum í framkvæmd og einnig hvaða árangri hægt er að ná með því að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

Unnið var með eftirfarandi þemu:

1. Kortlagning auðlinda og aðgengi að ferðamannastöðum
2. Greining „andans“, staðarvitund og efniviður umhverfisins
3. Hönnun og arkitektúr ferðamannastaða (öryggi, aðgengi og vistvæn hönnun)
4. Uppbygging ferðamannastaða
5. Þolmörk ferðamannastaða
6. Skipulagsmál, ferðamannastaðir og þáttur/ábyrgð sveitarfélaga
7. Rekstur og nýting umhverfisþátta á ferðamannastöðum
8. Upplifunarhönnun og nýsköpun í ferðamannaíðnaði, samspil hönnuða og ferðaþjónustuaðila – sköpun upplifunar
9. „Án áfangastaða“ – hvar byrjar og endar skipulag?
10. Að auka uppbyggingu en draga úr ágangi á náttúruna

Eftirfarandi niðurstöður eru vinnugögn frá fundinum og hafa þau ekki verið flokkuð sérstaklega né unnið nánar með þau.



Helstu niðurstöður

Auka þarf skilning á vægi ferðþjónustu fyrir nærsamfélagið, bæði efnahags- og félagslega. Skipulagsmál ferðþjónustustaða þurfa að vera skýrt mótuð í aðalskipulagi sem jafnframt þurfa að rúma nýjan landnotkunarflokk. Auk þess þarf að leggja áherslu á grunnstoðir ferðþjónustunnar í svæðisskipulagi þar sem meðal annars sveitarfélög þurfa að bera ábyrgð á að tryggja grunnþjónustu eins og salerni, sem er eitt það brýnasta sem þarf að bæta. Einnig þarf að tryggja og bæta öryggi við helstu náttúruperlur.

Það þarf að læra að hlusta á hvað það er sem ferðamenn vilja og búa afurðirnar til út frá því. Með því að hlusta eftir væntingum verður nýsköpun í ferðamannaiðnaði markvissari. Það þarf að hugsa í klösum en ekki punktum.

Tækifæri eru í að kortleggja auðlindir gagnvart ferðamönnum og tryggja að aðgengi taki mið af þeim á hverjum stað. Aðferðafræði nýsköpunar getur nýst við að tryggja samspil staðreynda og hugmynda þar sem hagsmunaaðilar þurfa að vera meðvitaðir um tækifærin.

Til að tryggja markvissa vinnu er kallað eftir samvinnu sveitarfélaga, ráðuneyta og stofnana. Andann á hverjum stað þarf að greina, bæði með augum gesta og heimamanna. Tækifæri felast í að móta heildarstefnu um skipulag og framtíðarsýn þar sem horft verður til sérkenna hvers staðar. Draga verður fram það jákvæða og hætta að skammast sín fyrir það sem betur má fara. Einnig má gera betur í að upplýsa gesti um sérstöðu á hverjum stað.

Við uppbyggingu ferðamannastaða þarf hver staður að vera sjálfbær, þar sem einstaklingar verða hvattir og studdir til að hefja rekstur. Það þarf að einfalda skipulagsferla og tengja saman aðila með peninga og hugmyndir.

Það vantar fjármagn til rannsókna sem eru undirstaða allrar uppbyggingar. Setja verður fram heildarsýn á þolmörk ferðamannastaða og tímabært að ráðast í grunnrannsóknir á því sviði. Meðal annars þarf að skoða fyrirmyndir frá öðrum löndum bæði til að læra af því sem vel hefur verið gert og eins því sem miður hefur farið. Stjórnvöld þurfa að líta á ferðamannaiðnaðinn sem atvinnugrein og þurfa að marka stefnu um uppbyggingu ferðamannastaða. Það þyrfti að verja tvö prósent gjaldeyristekna til uppbyggingar fyrir ferðamenn, meðal annars á ferðamannastöðum.

Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

Kortlagning auðlinda og aðgengi að ferðamannastöðum

- Skilgreina auðlindir
 - Botnlaust, huglægt
 - Dæmi; pöbbar, göngustígar o.fl.
 - Auðlind er ekki nauðsynlega ápreifanleg. Ný atriði geta orðið auðlind s.s. hvalir. Auðlindir breytast og geta horfið
- Kortlagning, byrja þarf að skrá staðreyndir
- Auðlind verður til með samspili staðreynda og hugmynda => Nýsköpun
- Aðgengi verður að stjórnast af þolmörkum. Ekki auka aðgengi nema það sé innan þolmarka
- Svarta bókin
 - Greinagóður listi yfir staði sem þarf að laga
- Hvíta bókin
 - Staðir sem eru í lagi færast yfir í hvítu bókina
- Gráa bókin
 - Staðir í vinnslu
- Formsatriði:
 - Taka saman kortlagningu og greiningu staða auk úrbóta hjá ýmsum aðilum
- Framkvæmd:
 - Hætta að tala => Framkvæma
- Árangur:
 - Efla frumkvöðlastarfsemi, þjappa íbúum saman og styrkja búsetu á landinu. Það leiðir til glaðari Íslendinga, ánægðari ferðamanna, verndun landsins og samstarfs. Tóm gleði!
 - SAF gæti stofnað skipulagsnefnd sem tæki til starfa
- Samvinna sveitarfélaga, ráðuneyta og stofnana
 - Vinna úr öllu sem er til 20 ár aftur í tímann
 - Framkvæma
- Skoða orðið „auðlind“. Eigum við annað orð sem tengir hugann að ferðamannastað. Sjónrænt, huglægt, upplifun, orð
- Peningar verða að vera til
- Er styrkjakerfið of framkvæmdamiðað?
- Lýðveitukortlagning
 - Almennur kemur skoðunum sínum á framfæri
- Skilgreina hvað eru auðlindir í þessu samhengi
 - Vera meðvitaðri um tækifæri. Markvissari uppbygging
- Skýra tekjumódel staðanna
 - Aðgengi betra og/eða takmarkaðra



Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

- Aðgengi og aðbúnaður, aðkoma að stöðum, s.s. stæði fyrir hjólamenn
 - Hjólastólanotendur
 - Göngu- og handskertir
 - Sjónskertir
 - Heyrnaskertir
 - Astma og ofnæmi
 - Þroskahömlun
 - Lestrarörðugleikar
- Auðlind, hvað er það?
 - Mjúkur mosi, allt önnur sýn. Hraun getur verið óhuggulegt og heillandi í senn
 - Glögg er gests augað!
 - Muna eftir Íslendingum sem auðlind, ferðamenn í heimalandi
 - Landbúnaður, land í ábúð. Íslenskir bústofnar
 - Fjölbreytni, forðast einsleitni
- Aðgengi að þjónustu og upplýsingum (öryggi)
 - Verslun, salerni og náttúra
- Hvað er ekki auðlind?
 - Varast aðfluttar „keðjur“, styrkja íslensk sérkenni, t.d. íslenskt handbragð. Gæði – aðlögun – vandvirkni
- Árangur er öflug atvinnugrein, hann þarf til að halda landi í ábúð. Saga sveitabæja, þeir hafa ábúðarskrá allt frá árinu 1200
- Framkvæmd og leiðir: (lífríki – þróun)
 - Samkeppni um bestu söguna til að ná fram auðlind
 - Slow food

Greining „andans“, staðarvitund og efniviður umhverfisins

- Andinn er:
 - Huglægt hugtak – óáþreifanlegt
 - Er hægt að greina anda staðar?
 - Er hann breytilegur?
 - Fólkið, umhverfið, landslag, mannvirki, saga, pólitík, maturinn, atvinna, tónlist
 - Vinna með efniviðinn á staðnum. Láta skilja tilganginn, vinna úr greiningum
- Hvetja íbúa að vera með
 - Setja í gang samkeppni heimamanna. Vekja þá til samstarfs og leita sérkanna staða. Lífandi staður => Glaðari íbúar
- Finna staðarvitund með fólkinu
 - Vekja heimamenn til umhugsunar um kosti sína, gæði og anda
- Draga fram kostina
- Framkvæma það sem kemur fram á þingum og fundum
- Hætta að skammast sín fyrir sína staði. Finna það jákvæða, finna andann. Sveitafélög og ferðamálayfirvöld skulu hjálpa íbúum við að greina sérstöðu staðanna og við stefnumörkun

Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

- Fá utanaðkomandi aðila til að greina „andann“
 - Greina sérstöðu staða
 - Þannig fæst sýn sem heimamenn sjá ekki. Á móti geta heimamenn bent á hluti sem ekki eru öllum kunnir eða gleymdir
 - Árangur greininga má nota við markaðssetningu og til að efla ímynd staðarins
 - Tékklistann má nota til að vekja heimamenn til umhugsunar um kosti sína og gæði í „workshops“ með heimamönnum og ráðgjöfum
- Tala mannamál
 - Samtöl við heimamenn
- Vistvæn sjálfbærni
- Heilstæð stefnumótun
 - Think Global – Act Global
- Hlaða vörðuna úr grjóti á staðnum
- Hver staður hefur marga anda. Andinn fer eftir upplifun hvers og eins
 - Vitund – Þekking, þetta tvennt skapar upplifun
 - Miðlun
 - Upplýsa gesti og benda á sérstöðu hvers staðar
- Andi vs. auðlindir?
 - Á hvað ætlum við að leggja áherslu?
 - Sjá verðmætin fyrir framan nefið á sér
 - Greining frá utanaðkomandi og heimamönnum
 - Árangur:
 - Markmiðið er að andinn verði áfram í höndum hvers og eins
 - Sérstaða hvers staðar
- Að finna upprunann og rannsaka hann



Hönnun og arkitektúr ferðamannastaða (öryggi, aðgengi og vistvæn hönnun)

- Hver staður er einstakur og mikilvægt að hanna hvern stað fyrir sig
- Samkeppnir
 - Mikið af hönnuðum í landinu. Margar góðar hugmyndir
- „Farand“ arkitektar og ráðgjafar
 - Sveitafélögum verði gert auðveldara að fá ráðgjöf við skipulag og hönnun ferðamannastaða
- Samvinna ólíkra hópa, þannig fæst betri útkoma
- Öryggi, aðgengi og vistvæn hönnun
 - Hvaða staði ferðamenn heimsækja ræðst oft af upplýsingum úr erlendum handbókum sem ekki samræmast raunverulegum aðstæðum
- Samtöl
 - Ferðamannastaðir eru ekki bara úti á landi, þeir eru einni í borgum og bæjum

Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

- Gæðastimpill – Verðlaun
 - Heildarsýn
 - Menntun og fræðsla
 - Staðhættir
 - Reynsla
 - Vakning
 - Átta sig á mikilvægi hönnunar
 - Leggja fram fé, tíma og hugsun í hönnun. Þetta kemur tilbaka
 - Veita t.d. sveitafélögum styrki
 - Skilar sér í ánægðari ferðamönnum
 - Ekki aðeins nýta það sem fyrir er, það getur þó hentað í sumum tilvikum
 - Verkkaupa þarf að skóla til. Breyta viðhorfi strax í grunnskóla
 - Bókvit verður í askana látið
 - Styrkar stoðir – sjóndeildarhringurinn breytist
- Hönnuður – Ferðapjónustuaðilar
- Góðir ferðamannastaðir
- Heildarstefna – skipulag – framtíðarsýn
 - Staðarvitund er mikilvæg við greiningu svæðis
 - Sérkenni og skipulag/hönnuður haldist í hendur í við framkvæmd og í framtíðarsýninni
 - Þarf að reikna arðsemi framkvæmda, virði hönnunar
 - Hanna þarf m.t.t. umhverfis, oft vantar „concept“ hugmyndir
 - Minni skissa, samkeppni ferðamálastofu
 - Ráðgjafasjóður með fast verð í 1. skissufasa
- Byggingar aðlagðar að umhverfi
 - Vandað efnisval, t.d. efni í stíga sé úr umhverfinu
 - Efnisval taki einnig mið af aðstæðum og veðurfari á hverjum stað
 - Vanda litaval í huga að ferðamönnum fjölgar
 - Ekki útiloka möguleika að stækka byggingar eða fjölga stígum í framtíðinni



Uppbygging ferðamannastaða til framtíðar

- Styðja við að gera staði sjálfbæra, sbr. Dimmuborgir
 - Hvetja og styðja einstaklinga til að stofna rekstur
- Einfalda skipulagsferla
- Tengja saman aðila með peninga og hugmyndir
- Auðvelda einstaklingum að koma að stöðum þar sem hægt er að skapa tekjur og bæta þjónustu
 - Núna er verið að loka Núpstað og Helgafelli v/skorts á umhirðu, áhuga, stuðningi og stefnu
- Bæta kort og upplýsingaflæði innan sveitafélaga og svæða
- Mismunandi uppbygging eftir stöðum
- Vantar stefnu frá stjórnvöldum
- Tengja ferðamannastaðina við atvinnulífið (sbr. Vegagerðina)
- Marka stefnu stjórnvalda
 - Greina staðina
 - Margir vilja vera ferðamannastaðir
- Hvaða ferðamenn viljum við fá?
 - Viljum við greina þá?
- Huga að þéttbýlinu
 - Huga að uppbyggingu þar
 - Tvær gistingar í Reykjavík – restin úti á landi af 10-14 dögum
 - Vitum við þetta?
- Uppbygging ferðamannastað verður að vera á forsendum samfélagsins
 - Varanlegar breytingar
 - Hvað er að gerast, t.d. með uppbyggingu miðbæjar Reykjavíkur?
 - Er flugvöllurinn á leiðinni í burtu?
- Að horfa til alheimsins vegna þeirra sóknar sem svæði verða fyrir, sbr. Hawaii
- Menningartengd ferðamennska sé grundvallar hugsjón Íslands
 - Eigum við að flokka
- Að finna sérstöðu á hverjum stað fyrir sig
- Hver eru stjórnvöldin?
 - Skilgreina stjórnvöld
- Vöntun er á þjónustu og „infrastruktur“
- Ríkið borgar allan „infrastruktur“ við Landsvirkjun
- Stjórnvöld hafa ekki tekið ferðamannaíðnaðnum sem atvinnugrein, sbr. Starfsfólk hjá Hafró
- Uppbygging ferðamannastaða
 - Ferðamannastöðvar
- Stjórnsýslan fer aldrei lengra en almenningur fer
- Í Danmörku er ríkið að pakka stjórnsýslunni saman
- Ferðapjónustueiningar
- Peningar frá stjórnsýslum meiri skilvirkni í stjórnsýslunni

Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

- Landbúnaður og sjávarútvegurinn kominn
- Ferðaþjónustan er á móti auka skattlagningu
- Nýsköpun í byggðarlögum
- 2% af gjaldeyristekjum fer til uppbyggingu fyrir ferðamenn
 - Það mun skila sér í uppbyggingu ferðamannastaða til heilla Íslands alls

Þolmörk ferðamannastaða

- Nýtt hugtak
 - Hugtak í mótun
 - Mismunandi þolmörk; félagsleg, umhverfisleg og efnahagsleg
 - Vantar skilgreiningu löggjafans
 - Stefnumótun – uppbygging
 - Breyting á landinu í ferðamannastað
 - Nýting á þjóðareign og afnotaréttur auðlindar
- Þolmörk náttúru á Íslandi eru önnur en erlendis
 - Hægt að hækka þolmörk með því að byggja upp staði
 - Þá staði þarf að velja vel
 - Stjórn á stöðunum sjálfum
- Skoða skipulag ferðapakka
 - Stýra tímasetningu heimsóknna
 - Leiðsögumenn hafa lykla að landinu
 - Stjórna aðgengi
 - Skipuleggja ferð
 - Samvinna við ferðaskrifstofur
 - Fleiri tilboð fyrir ferðamann
 - Fleiri hringir
 - Allt þetta verði gert í samvinnu við sveitafélög með aðstoð ráðgjafa s.s. arkitekta til að undirbúa svæði fyrir gesti
- Undirbúningur sveitafélaga og uppbygging ferðamannastaða þarf að haldast í hendur
- Vantar heildarsýn
- Grunnrannsóknir eru tímabærar
 - Gera ítarlegar og reglubundnar rannsóknir á þolmörkum, vöktun
 - Skoða fyrirmyndir frá öðrum löndum og læra af mistökum annarra þjóða
 - Hvernig og hver á að bregðast við
 - Reynir á þolmörk íbúa
- Skipulagsþáttur
 - Ef við náum að halda okkur innan þolmarka þá náum við að auka gæði upplifunar
- Taka á nýtingaréttinum (sambærilegt við kvótakerfið)
 - Skattlagning á atvinnugreininni
- Ákveða heildarsýn og stefnu fyrir Ísland



Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

- Hönnun og upplifun má ekki taka upplifun ferðamanna (staðsetning sé í útjöðrum)
- Ef ekki er hægt að sinna grunnþörfum (wc) á ferðamannastöðum þarf að huga að takmörkuðu aðgengi
 - Ábyrgðarhlutverk ríkis, sveitafélaga og rekstraraðila þarf að vera skýrt
- Nýta láglendið meira
 - Stýra umferð frá viðkvæmari svæðum
- Hver fer með forræði?
 - Byggja upp helstu staði sem álagsstaði
 - Auglýstir staðir
- Taka á þessum málum núna strax!
- Ábyrgðin er allra
- Markaðssetja Ísland sem einstakt, hreint og viðkvæmt land
 - Nota heita vatnið
- Takmarka framboð á gistirýmum
 - Bókunarkerfi
 - Fjöldatakmarkanir
 - Dreifa ferðamönnum í tíma og rúmi
 - Dreifa aðdráttarafli
 - Sjálfbær ferðamennska er árangursrík
 - Ferðamannamiðstöðvar um landið
- Hvaða árangri mun það skila?
 - Betri ímynd
 - Viðhalda náttúruímynd
 - Meiri arði – meiri vermæti
 - Aukin umhverfisvitund
 - Aukið öryggi
 - Ánægðari ferðamenn
 - Betri nýting
 - Lengri líftími hvers staðar
 - Vernda landið, fólkið og menninguna
 - Aukin arðsemi í greininni

Skipulagsmál, ferðamannastaðir og þáttur/ábyrgð sveitarfélaga

- Auka skilning sveitastjórna á mikilvægi skipulags, undirbúnings og gæði
- Auðvelda sveitafélögum vinnu við skipulag, þekkingu og fjármagn
- Setja upp ferðamannamiðstöðvar með þjónustu
 - Skerpa verklag og uppbyggingu þeirra
- Meiri samvinnu sem þvingar sveitafélög til samvinnu
- Nýtt stjórnáslustig?
- Skýra stefnu í aðalskipulagi
- Gæðavakning hjá ferðaþjónustufyrirtækjum
- Kortlagning ferðamannastaða á hverju svæði

Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

- Grunnur fyrir skipulagsvinnu og stefnum
- Upplýsa, hvetja og nýta atvinnuþróunarfélög
- Búa til nýjan landnotkunarflokk í aðalskipulagi
- Auka skilning á vægi ferðapjónustu fyrir nærsamfélagið
 - Efnahagslega og félagslega
- Flokka ferðamannastaði eftir tegundum ferðamanna;
 - „Hreiningjar“, jeppamenn, pulsutúristar o.fl.
- Skýr stefna í styrkjamálum varðandi uppbyggingu ferðamannastaða
- Betri samvinna ríkis og sveitarfélaga
- Sveitafélög tryggi grunnþjónustu og beri ábyrgð (t.d. wc)

Rekstur og nýting umhverfisþátta á ferðamannastöðum

- Hafa á hreinu hver ber ábyrgð á rekstri staða
- Mikilvægt að rekstraraðilar hafi þekkingu á staðháttum
- Nýting á umhverfisþáttum
- Rekstraraðilar komi upplýsingum á framfæri til ferðapjónustuaðila
- Góð grunnþjónusta og að henni sé fylgt eftir (þjónusta 3 (2/4))
- Efnisval komi úr nærumhverfinu
- Huga að sögu og menningarauð staða
- Varðveita huglæga þætti og sérkenni staða
- Þarf að huga betur að aðkomu staða
- Vantar skýra stefnumótun fyrir Ísland strax
- Skýra/skilgreina ábyrgðarhlutverk
 - Vinna framkvæmdaáætlun í samvinnu rekstraraðila á hverjum stað,
 - Einnig í samvinnu við sveitarfélög, ríki og einkaaðila
- Eyrnamerkja fé til reksturs og viðhalds
- Gjaldtaka
- Svæðisskipulag með áherslu á grunnstoðir ferðapjónustunnar
- Virða náttúruna og taka mið af henni við skipulagningu
- Láta ekki skammtíma sjónarmið ráða för

Upplifunarhönnun og nýsköpun í ferðamannaiðnaði, samspil hönnuða og ferðabjónustuaðila – sköpun upplifunar.

- Byggja á grunni sem er til staðar
- Samvinna heimamanna, hagsmuna- og fagaðila
- Greina möguleika
- Skapa sér sérstöðu
- Þarfir erlendra ferðamanna
- Þörf => Afurð
- Þarfagreining
- Læra af ferðamönnum, hvað vilja þeir?
- Glögg er gests augað!
- Samspil náttúru og menningar
- Kortleggja hugmyndafræði í upphafi úr frá sérstöðu hvers staðar
- Upplifun má stýra. Þróa ólíka aðferðafræði miðað við sérstöðu
- Nýta þjóðvegina til að segja sögu
- Nýta fenómen eins og skynjum;
 - Lykt, sjón, huglæg element
 - Rými, tónlist o.fl.
- Uppfylla væntingar
 - Gista í torfkofa
 - Trússhestar
- Heildarhugsun
- Fjöldatakmarkanir
 - Of margir ferðamenn eyðaleggja upplifun / eða bæta?
- Leiðir og áfangastaðir
- Erum við að safna réttu upplýsingunum?
 - Hvað ertu að gera?
 - Hvað ætlar þú að vera lengi
 - Eftir hverju leitar þú?
- Vandaða fræðslu
 - Upplýsingar í fjölþættu formi
- Heilla ferðamennina
 - Varast einsleitni verslana
 - Ferðamannabúllur
- Heilsulind
 - Skilgreina vatnið
 - Skilgreina baðstaði
 - Útvíkka baðmenningu
- Styðja við íslenska hönnuði
 - Hönnun alls staðar
- Byggjum klósett
 - Klósett eru meginmálið



Uppbygging og skipulag ferðamannastaða

- Hanna sjálfrekandi klósett
- Samtal margra
- Læra af hinum
- Gerð viðskiptaáætlana um hugmyndina áður en farið er að leita fjármagns
- Hafa höfuðið á himnum en fætuna á jörðinni
- Skilgreina þörf
 - Vinna vandlega viðskiptaáætlun
 - Safna upplýsingum
 - Hönnun
 - Samvinna
- Afurð
- Eftirfylgni, markaðssetning
- Úthald

„Án áfangastaða“, hvar byrjar og endar skipulag? Náttúra og óbyggðir taka völdin, eða ...

- Fóstura hið óskipulagða
 - Ekki þröngvað og staðlað
- Áfangastaður er hugarástand
 - Lost in Iceland
 - Náttúran
- Hlúa að því einstaka
- „Happiness is not a destination, it's the attitude with which you travel“
- Trúverðugleikinn byrjar heima
- Hugsa í klösum ekki punktum
- Vel skiplagt getur virkað óskipulagt
- Vilt veiði
- Fá fólk til að staldra lengur við
- Bílastæði við þjóðveginn
- Fjármagn
- Vettvangskönnun
- Hvað á að rukka mikið?
- Upplifun
- Samtalsþópar
- Skipulagning
- Göngustígar og aðgengi fyrir fatlaða
- Sérfræðingar eða skipulagshópar sem þekkja til staðháttanna
- Samstaða og framtíðarsýn
- Upplifun af ósnortinni náttúru
 - Verndun og skipulag
 - Hvað er hægt að sjá?



Að auka uppbyggingu en draga úr ágangi á náttúruna

- Uppbygging
 - Hvað er uppbygging?
 - Vegir
 - Salerni
 - Stígar
 - Kort
 - Göngukort
 - Yfirlitskort
- Stýring
 - Erfileikastig
 - Er fólk að fá sér kaffibolla?
 - Er fólk að ganga stuttan túr?
 - Er fólk að sækjast í lengri túr?
 - Er hægt að stýra rútuumferð?
 - Fara allar rútur kl. 9.00 í Gullfosshringinn
 - Dreifa álagi
- Upplýsa
 - Betri upplýsingar um útbúnað
 - Vantar að upplýsa ferðamenn, t.d. skipsfarþega
- Þolmörk og rannsóknir
 - Undirstaða allra uppbyggingar
 - Tala saman
 - Vantar fjármagn
 - Veita upplýsingar
 - Vantar stefnu
- Bæta öryggi á helstu náttúruperlum
- Loka hættusvæðum, t.d. Brekkunum við Gullfoss
 - Með náttúruna í huga og að sem flestir ferðamenn komist að svæðum
 - Ferðamenn verða eldri
- Fjölga upplýsingaskiltum
- Fjölga salernum
 - Tryggja að þau séu ávalt í lagi
- Nýta björgunarsveitir um land allt
 - Þannig fá þær fjármagn fyrir starfsemina
- Bekkir og wc á sama stað
 - Hentar hópum með leiðsögumanni
- Uppbygging þarf að vera í góðri sátt við umhverfið
- Göngustígar við allar náttúruperlur
- Ferðamannastöðvar með þjónustu
- Stjórna aðgengi að náttúrunni með skipulagi

